



Doktorsmenntun Íslendinga

Samantekt 2007

Apríl 2007

Frekari upplýsingar veitir:

Ásdís Jónsdóttir

RANNÍS

Laugavegi 13

101 Reykjavík

S: 515-5807

Tölvupóstur: asdis@rannis.is

Samantekt

- Árið 2006 luku 54 Íslendingar doktorsnámi hér á landi og erlendis, 24 karlar og 30 konur¹. Þetta er nokkuð svipaður fjöldi og á síðustu árum, en árið 2005 luku 59 doktorsnámi og árið 2004 voru þeir 57 (tölur 1 og 2).
- Doktorsvarnir frá Háskóla Íslands voru 15 árið 2006 en árið 2005 voru þær 14 og tíu árið þar á undan. Háskóli Íslands er eini íslenski háskólinn sem hefur brautskráð doktora.
- Nú stunda um 3.400 einstaklingar háskólanám á framhaldsstigi hér á landi. Þar af eru 232 í doktorsnámi við fjóra háskóla (tafla 3).
- Ríflega tvöfalt fleiri konur ljúka nú doktorsprófi á ári hverju en fyrir 10-15 árum. Körlum sem ljúka prófi hefur hins vegar fækkað um fjórðung á sama tímabili. Fjölgun doktora á síðustu árum hefur því orðið nokkru minni en búast hefði mátt við (mynd 1 og tafla 2). Nú er um og yfir helmingur þeirra sem lýkur doktorsprófi á ári hverju konur (57% árið 2006) (mynd 2).
- Um þriðjungur íslenskra doktora sem lauk prófi á árunum 1997-2006 var við nám í Bandaríkjunum. Næstflestir voru frá Svíþjóð eða um fimmtungur (mynd 3). Lítil munur er konum og körlum í þessu sambandi (myndir 3a og 3b).
- Íslenskum doktorum sem ljúka námi erlendis hefur fækkað, bæði hlutfallslega og í reynd (tafla 4 og mynd 4). Árin 2005 og 2006 lauk um fjórðungur allra útskrifaðra doktora prófi hér á landi en hlutfallið var vel innan við 10% á ári fyrir árið 2002.
- Um fjórðungur doktora sem útskrifaðist á árunum 1997-2006 kom úr félagsvísindum og álíka margir úr heilbrigðisvísindum. Lítið eitt færri luku gráðu í raunvísindum. Aðeins tíundi hluti doktorsvarna á tímabilinu var í verk- og tæknigreinum (mynd 5 og tafla 5). Engin fjölgun hefur orðið á

¹ Tölurnar sem hér birtast byggja á doktoragrunni RANNÍIS, sem unninn er í samvinnu við Kvennasögusafn Íslands og Landsbókasafn-Háskólabókasafn. Töluverð vinna er lögð í uppfærslu grunnins árlega og fjölbreytilegar leiðir notaðar til að hafa upp á íslenskum doktorum um allan heim. Hins vegar ber að hafa í huga að grunnurinn er ekki tæmandi.

þeim sem ljúka doktorsprófi í verk- og tæknigreinum á ári hverju, ef frá er talið árið 2002 sem sker sig úr (tafla 5).

- Nokkur munur er á vali kynjanna á námssviðum. Flestar konur sem luku doktorsprófi 1997-2006 voru á sviði félags- og heilbrigðisvísinda (samtals yfir 60%). Flestir karlar sem vörðu á sama tímabili luku gráðu í raunvísindum og litlu færri í heilbrigðisvísindum. Kynjamunurinn er mestur í verk- og tæknigreinum en karlar eru rúmlega 80% doktora síðustu 10 ára á sviðinu. Aðeins fjórar konur af hundrað sem ljúka doktorsgráðu eru í verk- og tæknigreinum (myndir 5a og 5b).
- Konur eru að jafnaði um 2 ½ ári eldri en karlar við doktorsvörn eða 38,6 ára. Karlar eru að jafnaði 36,2 ára þegar þeir ljúka námi (tafla 6). Meðalaldur nýdoktora hefur haldist svipaður síðustu 10 ár.
- Á árunum 1997-2006 voru íslenskir doktorsnemar við bandaríska háskóla að jafnaði yngstir íslenskra doktorsnema þegar þeir luku prófi en hæsti meðalaldurinn var meðal þeirra sem luku prófi á Íslandi (tafla 7).

Tafla 1: Doktorsvarnir Íslendinga árið 2006 eftir fræðasviði og kyni

	Karlar	Konur	Alls
Heilbrigðisvísindi	8	10	18
Félagsvísindi	4	10	14
Raunvísindi	7	7	14
Hugvísindi	2	2	4
Verk- og tæknifræði	3	1	4
Landbúnaður- og fiskveiðar	-	-	-
Alls	24	30	54

Tafla 2: Doktorsvarnir Íslendinga 1987-2006 eftir kyni

	Karlar	Konur	Alls
1987	37	12	49
1988	34	12	46
1989	31	9	40
1990	43	11	54
1991	32	20	52
1992	49	13	62
1993	38	10	48
1994	47	10	57
1995	40	16	56
1996	32	19	51
1997	32	21	53
1998	36	14	50
1999	28	19	47
2000	35	25	60
2001	32	35	67
2002	33	30	63
2003	40	27	67
2004	30	27	57
2005	23	36	59
2006	24	30	54
	696	396	1092


Tafla 3: Fjöldi framhaldsnema á háskólastigi á Íslandi í mars 2007

	Meistaránám	Doktorsnám	Alls
Háskóli Íslands*	1.849	216	2.065
Háskólinn á Akureyri	162	-	162
Háskólinn á Bifröst	181	-	181
Háskólinn í Reykjavík	499	1	500
Kennaraháskóli Íslands	450	14	464
Landbúnaðarháskóli Íslands	25	1	26
Listaháskóli Íslands	-	-	-
Alls	3.166	232	3.398


Tölur eru fengnar frá skólunum.

* janúar 2007


Mynd 1: Meðalfjöldi kvenna og karla sem lauk doktorsprófi á ári á tímabilinu 1982-2006




Mynd 2: Hlutfall kvenna af þeim sem luku doktorsprófi á árunum 1992-2006




Mynd 3: Doktorsvarnir Íslendinga 1997-2006 eftir námslandi (fjöldi= 577)



**Mynd 3a: Doktorsvarnir íslenskra kvenna 1997-2006
eftir námslandi (fjöldi = 264)**




**Mynd 3b: Doktorsvarnir íslenskra karla 1997-2006
eftir námslandi (fjöldi = 313)**




Tafla 4: Doktorsvarnir Íslendinga 1997-2006 eftir námslandi

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Alls
Bandaríkin	14	9	16	25	26	19	19	25	15	11	179
Svíþjóð	14	16	15	8	18	11	14	7	9	8	120
Ísland	4	3	3	5	4	7	8	8	14	15	71
Bretland	6	6	4	6	8	6	8	6	8	8	66
Noregur	4	7	3	4	3	5	5	5	3	4	43
Danmörk	2	7	2	3	2	6	4	4	2	4	36
Önnur Evrópulönd	2	1	3	8	4	6	7	0	7	3	41
Önnur lönd	7	1	1	1	2	3	2	2	1	1	21
Alls	53	50	47	60	67	63	67	57	59	54	577
<i>Þar af utan Íslands</i>	49	47	44	55	63	56	59	49	45	39	506

Mynd 4: Hlutfall íslenskra doktora sem lauk doktorsprófi á Íslandi 1992-2006




Mynd 5: Doktorsvarnir Íslendinga 1997-2006 eftir fræðasviði (fjöldi = 569)




Tafla 5: Doktorsvarnir Íslendinga 1997-2006 eftir fræðasviði

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Alls
Félagsvísindi	12	16	8	18	16	15	19	16	13	14	147
Heilbrigðisvísindi	13	10	17	13	19	17	13	13	15	18	148
Hugvísindi	6	10	5	8	13	6	10	8	7	4	77
Landb. og fiskveiðar				2		1	1				4
Raunvísindi	16	8	11	14	14	12	16	14	19	14	138
Verk- og tæknifræði	5	4	4	4	5	12	7	6	4	4	55
Upplýsingar vantar	1	2	2	1			1		1		8
Alls	53	50	47	60	67	63	67	57	59	54	577

Mynd 5a: Doktorsvarnir íslenskra kvenna 1997-2006 eftir fræðasviði (fjöldi = 262)



Mynd 5b: Doktorsvarnir íslenskra karla 1997-2006 eftir fræðasviði (fjöldi = 307)



Tafla 6: Meðalaldur íslenskra kandidata við doktorsvörn 1997-2006 eftir kyni og námssviði

	Karlar	Konur	Meðalaldur á sviði
Félagsvísindi	36,9	40,7	39,2
Heilbrigðisvísindi	38,4	39,9	39,2
Hugvísindi	39,2	38,7	38,9
Landb. og fiskveiðar	40,0	39,5	39,8
Raunvísindi	33,0	34,4	33,5
Verk- og tæknifræði	35,0	32,0	34,4
Meðalaldur kynja	36,2	38,6	37,3

Tafla 7: Meðalaldur íslenskra kandidata við doktorsvörn 1997-2006 eftir heimshluta eða landi

	Karlar	Konur
Ísland	39,0	40,0
Bandaríkin	33,8	36,6
Bretland	35,1	38,3
Norðurlönd utan Íslands	37,8	39,9
Önnur Evrópulönd	34,3	37,8
Önnur lönd	36,9	40,3